

Eystrahorn

25. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 4. júlí 2019

www.eystrahorn.is

Viðbragðshópur Rauða krossins í sálrænum stuðningi á Suðurlandi

Rauði krossinn á Íslandi sinnir fjöldahjálp og félagslegu hjálparstarfi samkvæmt samningi við Almannavarnir ríkisins. Deildir Rauða krossins opna fjöldahjálparstöðvar á hættu- og neyðartímum þar sem fólk er veitt fyrsta aðstoð, svo sem upplýsingar, fæði og klæði, sameining fjölskyldna fer fram og sálrænn stuðningur er veittur. Rauði krossinn bregst einnig við skyndilegum áföllum utan almannavarnaástands eins og húsbrunum, flóðum, banaslysum og áföllum innan fjölskyldna.

Sálrænn stuðningur er sérhæfð þjónusta við fólk sem lendir í áföllum og byggir á viðurkenndum aðferðum til að bregðast við bráðum áfallastreituviðbrögðum og beinist að því að draga úr uppnámi og stuðla þannig að betri aðlögun eftir áfallið. Sálrænn stuðningur er afmarkaður, tímabundinn og með áherslu á forvarnir og mat á þörf fyrir frekari eftirfylgni.

Deildir Rauða krossins á Suðurlandi stofnuðu saman viðbragðshóp í sálrænum stuðningi á sínu svæði í febrúar á þessu ári. 17 sjálfbóðliðar eru starfandi í hópnum sem búsettir eru á mismunandi stöðum á Suðurlandi, frá Hveragerði að Höfn í Hornafirði. Allir sjálfbóðaliðar innan hópsins hafa hlotið hjálfun í sálrænum stuðningi, neyðarviðbrögðum og skyndihjálpi hjá Rauða krossinum



áður en þeir hófu störf ásamt því að hafa aðgang að öðrum námskeiðum sem Rauði krossinn býður upp á. Bakgrunnur hópsins er mjög fjölbreyttur, þar eru starfandi; sjúkraflutningamenn, nemandi í félagsráðgjöf, öryggisvörður, leikskólakennari, sjúkraliðar, sérkennari, leikkona, hjúkrunarfræðingar og þroskaþjálfar svo fátt eitt sé nefnt. Innan hópsins er fólk sem talar m.a. norðurlandamál, ensku, frönsku, þýsku og táknmál.

Gott samstarf Rauða krossins og lögreglu ásamt öðrum viðbragðsaðilum er mikilvægt í öllu starfi er snýr að almannavörnum og öðrum áföllum. Fulltrúi frá lögreglunni á Suðurlandi kom með fyrirlestur inn á námskeið sjálfbóðaliðanna og fór m.a. yfir verklag lögreglunnar. Í flestum tilfellum er það lögreglan sem kallar

eftir aðstoð hópsins. Samtariði á Suðurlandi hefur verið til fyrirmyndar og má geta þess að lögreglustjóri Suðurlands ásamt verkefnastjóra almannavarna sátu alla aðalfundi deilda Rauða krossins á Suðurlandi í vetur ásamt því að halda fyrirlestra um starf lögreglunnar á svæðinu.

Frá því að viðbragðshópurinn var stofnaður í febrúar hefur hann verið boðaður í tvö alvarleg útköll, þ.e. sinnt sálrænum stuðningi við þolendur rútuslyss og sjónarvotta að flugslysi og aðstandendum þeirra sem lentu í slysinu. Sjálfbóðaliðar skipta með sér vöktum, tveir saman á vakt viku í senn. Þegar um stórt útkall er að ræða eru kallaðir út fleiri sjálfbóðaliðar og í bæði þessi skipti gekk fljótt og vel að manna útkall. Eftir útkall er hópurinn í heild sinni boðaður á viðrunarfund þar sem farið er

yfir þeirra líðan eftir útkallið. Ef á þarf að halda geta sjálfbóðaliðar einnig fengið einka handleiðslu. Áður en hópurinn var stofnaður þurfti í mörgum tilfellum að fá aðstoð frá viðbragðshóp Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu þegar Rauði krossinn var kallaður út og eru það miklar vegalendir að fara, því var talið nauðsynlegt að stofna hóp á Suðurlandi. Það er mikill akkur fyrir Rauða kross deildirnar á Suðurlandi að hafa þennan hóp sjálfbóðaliða sem er fljótur til þegar á þarf að halda og erum við bæði stolt og þakklát fyrir allt sem þeir hafa lagt til.

*Fjóla Einarsdóttir, Svæðisfulltrúi
Rauða krossins á Suðurlandi*

Könnun um þörf á búsetuúrræðum í sveitarfélaginu

Á heimasíðu sveitarfélagsins og í afgreiðslu Ráðhúss er hægt að taka þátt í búakönnun fyrir 50 ára og eldri til að kanna þörf fyrir frekari uppbyggingu á íbúðarhúsnæði fyrir þennan aldurshóp.

Einnig eru nokkrar spurningar er varða þörf fyrir þjónustu í heimahús. Könnunin var send öllum íbúum sem hafa náð 50 ára aldri.

Undirrituð Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar en hún er á engan

hátt persónurekjanleg og verður þess sérstaklega gætt að farið sé með gögnin samkvæmt lögum um persónuvernd.

Könnunin er mikilvæg til að sveitarfélagið geti gert áætlanir um uppbyggingu íbúða eða annarra búsetuúrræða á næstu árum og því eru allir hvattir til að svara könnuninni.

*Með ósk um góð viðbrögð,
Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri*

Athugið að síðasta tölublað fyrir sumarfrí kemur út fimmtudaginn 18. júlí

Næsta blað eftir frí kemur út fimmtudaginn 15. ágúst



Guðni Arinbjarnarson bæklunarlæknir
verður með stofu á heilsugæslustöðinni
dagana **17. og 18. júlí nk.**

Tímamantanir í síma 470-8600 virka daga.
Tekið er við kortum .



Bifreiðaskoðun á Höfn
15., 16. og 17. júlí.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. júlí.
Næsta skoðun 19., 20. og 21. ágúst.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,
umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:

tjorvi@upplausn.is

eða í síma

848-3933.



Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Umhverfisviðurkenningar 2019

Umhverfis- og skipulagsnefndi auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2019.

Umhverfis- og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum, einstaklingi (um), félagsamstökum, stofnun, fyrirtæki og lögbýlum til sveita, sem hefur með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert ungengni við náttúru og umhverfi að eðlilegum þætti í störfum sínum og rekstri eða hefur á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar náttúru og umhverfis.

Frestur til að tilnefna er til 13. ágúst, tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhúss Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið bryndis@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

**Til leigu í vetur, herbergi á
Kársnesi, stutt í MK eða HR.**

Nánari uppl. í síma 690-8523

Furðufiskur í grennd



Föstudaginn 5. júlí kl. 14:00 opnar Menningarmiðstöðin í samstarfi við Náttúrustofu

Suðausturlands sýningu í Gallerý Nýheimum.

Á sýningunni má sjá ýmsa fiska sem veiðst hafa af hornfirskum skipum og/eða í grennd við
Hornafjörð, misalgenga og misskrítna.

Einnig verða ferskir fiskar á opnuninni í boði Fiskbúðar Gunnhildar sem hægt verður að fá að
skoða og snerta.

Arndís Ósk hlýtur styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands

Þann 25. júní síðastliðinn voru veittir styrkir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands í tólfra sinn. Í ár hlutu 29 nemendur, sem stefna á nám við HÍ styrki og þar á meðal var Hornfirðingurinn Arndís Ósk Magnúsdóttir. Allir styrkþegar eiga það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi námsárangri og einnig verið virk í félagsstörfum eða í listum og íþróttum. Arndís útskrifaðist úr Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu nú í vor með besta árangur á stúdentsprófi. Eystrahorn spurði Arndísi nokkuru spurninga til að gefa lesendum innsýn í líf þessara ungu hæfilekariku konu.

Hverju þakkar þú þann námsárangur sem þú hefur sýnt ?

Það vill svo til að ég hafði afskaplega gaman af náminu og áhugasvið mitt liggur nákvæmlega á Hug- og félagsvísindabraut (sitt hentar hverjum!). Að sjálfsögðu þarf samt meira til. FAS er virkilega hvetjandi og skapandi. Ég á starfsmönnum þar svo mikið að þakka að ég á erfitt með að koma orðum að því. Það eru algjör forrétindi að hafa bæði kynnst þeim og lært af þeim. Ég lít á framhaldsskólaárin

með þakklæti efst í huga og vonast bara til þess að geta á einhvern hátt gefið skólanum til baka það sem hann hefur gefið mér.

Hvaða áhugamálum hefur þú sinnt meðfram náminu ?

Meðfram náminu spila ég á píanó og hef verið í tónskólanum í nú að verða 10 ár. Ég hef líka brennandi áhuga á mannréttindum og félagsmálum. Þess konar starf veitir mér heilmikla orku og ánægju, sem ég hef fengið í gegnum ungmennaráð, nemendaráð og ungliðastarf hjá Amnesty International. Síðan hef ég gaman af bókmenntum og reyni að lesa alltaf þegar tími gefst til.

I hvaða háskólanám stefnir þú á og afhverju ?

Ég er komin inn í lagadeild Háskóla Íslands þar sem ég mun hefja nám í haust. Ég valdi þá námsleið til þess að nálgast mannréttindasvið, en ég stefni á að starfa innan þess í framtíðinni.

Eitthvað að lokum ?

Að lokum langar mig að beina orðum að ungmennum á Hornafirði og hvetja þau til þess að rækta heimabyggð sína. Hér er margt til reiðu, og



ef þú sérð ekki tækifæri í umhverfinu í kringum þig, komdu þeim þá til þín. Náðu í fræin annars staðar, en gróðursettu þau og leyfðu þeim að blómstra þar sem þú átt rætur.

Úrslit og svipmyndir frá Humarhátíð 2019

Úrslit í Söngvakeppni barnanna

Eldri hópur 11-15 ára

1. sæti Sævar Óli Helgason
2. sæti Magnús Lóa Aðalsteinsdóttir og Petra Rós Jóhannsdóttir
3. sæti Vaka Sif Tjörvadóttir

Yngri hópur 5-10 ára

1. sæti Bryndís Björk Hólmarsdóttir
2. sæti Unnur Mist og Tristan Þór Stefánsbörn og Daniel Borgar Kristjánsson
3. sæti Laufey Ósk Ásgeirsdóttir

Úrslit í Valkyrja og Víkingur Hornafjarðar

Víkingur Hornafjarðar +90 kg.

1. sæti Kristján V. Gunnarsson
2. sæti Hilmar Þór

Víkingur Hornafjarðar - 90 kg.

1. sæti Haukur Örn Kristjánsson
2. sæti Þórhallur Guðjón

Valkyrja Hornafjarðar +83 kg.

1. sæti Ragnheiður Ó. Jónsdóttir
2. sæti Berglind Rós Bergsdóttir
3. sæti Ellen Lind Ísaksdóttir

Valkyrjan - 83 kg

1. sæti Lena H. Marteinsdóttir

Úrslit í kassabílarally Landsbankans

1. sæti Hinrik Guðni Bjarnason og Sverrir Sigurðsson
2. sæti Björgvín Leo Gunnarsson og Jahem Tristan
3. sæti Anton Kristberg Sigbjörnsson og Hannes Þór Guðnason

Flottasti bílinn var þetta árið Traktor/Willis? Bræðurnir Vilhelm og Áskell Vigfússynir/Sigurður og Þór Gunnlaugssynir.


Frumlegasti bílinn var kallaður Disney bílinn, systurnar Berglind og Unnur Mist Stefánsdóttir.

Verðlaun fyrir best skreytta hverfið

Vogabraut

Verðlaun fyrir best skreytta húsið

Hvannabraut 4



Útsýnisflug frá Hornafjarðarflugvelli



Island Aviation hefur nú byrjað á að bjóða upp á útsýnisflug frá Hornafjarðarflugvelli. Fyrirtækið hefur boðið upp á útsýnisflug frá Reykjavíkflugvelli en hefur nú stækkað við sig. Þetta er fjölskyldufyrirtæki rekið af Reyni Guðmundssyni og Gretu Björg Egilssdóttur. Reynir er ættaður úr Svínafelli og þekkir því vel til náttúrufegurðarinnar í Hornafirði og það sem hún hefur upp á að bjóða. Þau notast við 4 sæta Cirrus SR22 lúxus flugvél en sú vél er sérstök að því leyti að hún er útbúin með fallhlíf, þannig ef eitthvað kemur upp á er hægt að opna fallhlífina sem svífur niður til jarðar með flugvélinu,

Þau stefna á að bjóða upp á ferðir út september, en jafnvel lengur ef hægt er að setja upp flugskýli fyrir vélinu. Boðið er upp á styttri og lengri ferðir og ættu því flestir að geta fundið ferð við sitt hæfi. Ásamt Reyni mun Þórður Ásgeirsson sjá um að fljúga með farþegana en hann er frændi Reynis, einnig ættaður úr Svínafelli.



Reynir og Greta ásamt börnunum sínum tveimur og Þórði Ásgeirssyni flugmanni.

HEPPUVEGUR 6



SLÁTURHÚSIÐ ER TIL SÖLU

Eignin er á frábærum stað á Höfn og býður upp á mikla möguleika.
Tilboð óskast.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Benný hdl., löggiltur fasteignasali í síma 869-8650 eða á jona@trausti.is



Heimavistun nemenda úr dreifbýli

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir heimilum sem áhuga hafa á að vista nemendur á unglíngastigi tvo til fimm daga í viku á starfstíma skóla.

Kröfur:

Forráðamaður heimilis leggur nemandanum til sérherbergi, fataskáp, skrifborð og stól og sér honum fyrir fæði í morgun- og kvöldmat ásamt síðdegissnarli. Lagt er upp úr því að heimilislegt andrúmsloft ríki og að nemandinn upplifi eins og hægt er að hann tilheyrir heimilinu. Nemandanum er gert að hlíta þeim reglum sem gilda á heimilinu varðandi t.d. útivist og umgengni.

Forráðamaður heimilis þarf að búa yfir ákveðinni festu, vera lípur í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þetta verkefni að sér er bent á að hafa samband við Skúla Ingiberg Þórarinsson félagsmálafulltrúa í síma 470 8000, netfang: skuliing@hornafjordur.is eða Ragnhildi Jónsdóttur fræðslustjóra í síma 470 8000, netfang: ragnhildur@hornafjordur.is.

Umsóknarrestur er til 10. júlí n.k.

